



Dagsetning: 13. október 2023
Málsnúmer: 2309157/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Breytingar á gjaldskrá grunnskólanna

Ákveðið var að endurskoða gjaldskrá grunnskólanna í heild sinni þar sem gjaldliðir svöruðu ekki kostnaði. Í þeirri vinnu var horft til sambærilegra gjaldskráa hjá öðrum sveitarfélögum og horft til þess hvað t.d. 4 klst vinna hjá stuðningsaðila/skólaliða myndi kosta ef þeir þyrftu að vera til taks fyrir leigutaka.

Ákveðið var að skilgreina hvaða hópur geta fengið gistingu í skólanum (skóla- og íþróttahópar).

Ákveðið var að skilgreina verð út frá stærð skólastofu heldur en að hafa kostnað per einstakling.

Gjaldliðir varðandi fundi eða veisluhöld voru hækkaðir töluvert og betur skilgreindir hvað þeir innihéldu.

Gjald fyrir heimilisfræðistofu var hækkað ásamt því að bjóða hópum að leigja smíðastofuna.

Ákveðið var að skólastjórar myndu gera leigusamning við leigutaka sem tilgreindi hvað rými leigan næði yfir. Mikilvægt er að slíkur samningur kveði á um kostnað sem til getur komið ef t.d. þrif á húsnæðinu er ábótavant að leigutíma loknum.

Anna Marín Þórarinsdóttir

Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu